

# Fundargerð Nemendafélagsins 19. maí

Mættir: Arna Rún, Mattías, Beníta, Eymar, Andrés, Rakel Ösp og Antonol

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar og eftirfarandi rætt: Reglur á fótboltavelli, ekki lengur heimilt að bjóða öðrum stigum inn á völlinn, hefur skapað núninga. Náum ekki að vera með bakaríissölu á skólaárinu. Skólastjóri fær fyrirtæki til að koma í hús og taka mál af glugganum í félagsrýminu.
2. Lyngbrekkuballið - samantekt
  - Húsnæði: 0 kr. Fengum að halda ballið endurgjaldslaust í félagsheimilinu Miðgarði í boði Hvalfjarðarsveitar.
  - Tónlist: DJ kl. 20:00 – 22:00: 200.000 kr. Lifandi tónlist kl. 22:00 – 22:30: 150.000 kr.
  - Sjoppa: Dominos: 12 stk pizzur 20.910 kr. – skiptum hverri pizzu í 10 sneiðar og seldum sneiðina á 500 kr. Bónus: Gos o.fl 30.230 kr. – seldum gosflösku á 500 kr.
  - Miðaverð: 3.500 kr. allir greiddu inn, líka nemendur Heiðarskóla fyrir utan 6 nemendur sem voru í undirbúningsnefndinni.
  - Skreytingar: 18:000 kr.
  - Samtals kostnaður: 419.140 kr.
  - Innkoma: 479.500 kr.
  - Gróði: 60.360 kr. rennur í ferðasjóð Nemendafélags Heiðarskóla.
3. Önnur mál:
  - Fyrispurn um tímasetningar á rútu varðandi flugið. Upplýsingar verða kynntar fyrir nemendum og foreldrum.
  - Síðasti fundur skólaársins, Sigga Lára þakkaði nefndarmönnum fyrir vel unnin störf í þágu Nemendafélagsins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:35, Sigga Lára ritaði fundargerð